

Fundargerð 137. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 27. júní, kl. 09:00.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Helena Karlsdóttir, Hjörleifur Finnsson, Nanna Dröfn Björnsdóttir, Sólrún Anna Jónsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri.

Dagskrá

1. Undirskrift fundargerða 133, 134, 135, 136 og 137
Fundargerðir samþykktar og þær undirritaðar.
2. Staðan á sjóðnum í lok júní
 - a. Sólrún Anna lagði fram yfirlit frá sjóðnum. Nokkrar breytingar hafa orðið frá síðasta fundi, 15 verkefnum lokið með lokaskýrslu síðan síðast og greiddar út 49 milljónir.
 - b. Nanna Dröfn fór yfir stöðuna á úthlutuðum styrkjum og árangur bréfaskrifta vegna þeirra verkefna sem enn eru ólokið og því ferli sem er í gangi.
 - c. Fms upplýsti stjórn um fráviksbeiðnir sem borist hafa frá Vinum Þorsmerkur.
3. Önnur mál
 - a. Guðrún greindi frá ferð hennar og Hjörleifs á Austurland.
 - b. Þar sem samþykkt hafa verið ný lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þá er þetta síðasti fundur þessarar stjórnar sem setið hefur nær óbreytt frá upphafi. Albína þakkaði stjórn og starfsmönnum samstarfið á liðnum árum. Aðrir stjórnarmenn þökkðu fyrir sig. Ferðamálastjóri þakkaði stjórn vel unnin störf í þágu uppbyggingar í ferðaþjónustu á Íslandi undanfarin ár.

Næsti fundur

Í höndum nýrrar stjórnar

Fundi slitið kl. 10:07

Fundargerð ritaði: Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Ferðamálastofu.

Undirskriftir stjórnarmanna

Albína Thordarson
Halldór Halldórsson
Anna G. Sverrisdóttir
Sævar Skaptason